

## Grunnskólakennari 1. - 6. bekk

<b>Tímabil starfs:</b>	1. ágúst 2019 til og með 31. júlí 2020.
<b>Starfsheiti:</b>	Umsjónarkennari.
<b>Starfshlutfall:</b>	100% starfshlutfall.
<b>Lýsing á starfinu:</b>	Kennsla á starfsstöð skólans á Hólum vegna tilfallandi forfalla allt næsta skólaár. Um er að ræða kennslu í blönduðum hópi nemenda í 1. - 6. bekk. Kennslugreinar eru íslenska og samfélagsfræði. Náttúrufræði í 1 - 3. bekk og enska í 4. - 5. bekk. Grunnskólakennarar starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu sveitarfélagsins.
<b>Menntunarkröfur:</b>	Grunnskólakennari með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla.
<b>Hæfniskröfur:</b>	Faglegur metnaður og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi. Þekking eða reynsla af Byrjendalæsi er æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla.
<b>Launakjör:</b>	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ vegna FG.
<b>Umsóknarfrestur:</b>	<b>Er til og með 25. júní 2019.</b>
<b>Nánari upplýsingar:</b>	Jóhann Bjarnason, skólastjóri, í síma 865-5044, johann@gsh.is.
<b>Umsóknir:</b>	Umsókn ásamt ferilskrá, prófskírteini og leyfisbréfi skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, <a href="http://www.skagafjordur.is">www.skagafjordur.is</a> (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Grunnskólinn austan Vatna kennir á tveimur starfsstöðum; Hofsósi og Hólum. En þær voru upphaflega þrjár, sameinaðar í eina stofnun 1. ágúst 2007. Á Hólum eru nemendur í 1. – 7. bekk. Á Hofsósi eru nemendur frá 1. – 10. bekk, en starfsstöð þar er jafnframt safnskóli fyrir elsta stigið 8. – 10. bekk. Veturinn 2017-2018 voru 64 nemendur skráðir í skólann. Þar af eru 39 nemendur á Hofsósi, 18 nemendur á Hólum og 7 nemendur á Sólögörðum. Skólinn hefur um nokkurt skeið lagt áherslu á kennslu og vinnu með nýsköpun og eflingu heimabyggðar. Grunnskólinn austan vatna tekur þátt í verkefni embættis landlæknis, heilsueflandi grunnskóli.*